

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 22. september 2015

**Efni Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkun lífeyris í 300 þús.kr.)**

Velferðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna í samræmi við kjarasamninga og verði 300 þús.kr. árið 2018.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt þessa frumvarps. Samtökin vekja athygli á því að á næstu vikum mun stjórnskipuð nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar afhenda ráðherra niðurstöður sínar. Vitað er að nefndin mun leggja til heildstæðar og umfangsmiklar breytingar á almannatryggingakerfinu sem ætlað er að einfalda bótakerfið verulega og sjá til þess að bætur nýtist þeim best sem eru í mestri þörf fyrir þær. Meðal þess sem hefur verið til umræðu innan nefndarinnar er að almannatryggingar greiði einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega sem komi í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar. Markmiðið er að einfalda bótakerfi almannatrygginga og festa í sessi þá lágmarksfjárhæð sem framfærsluuppbótin tryggir þeim sem hafa lægstu tekjurnar í dag ásamt því að breyta uppbotinni frá því að vera félagslegur stuðningur í áunnin réttindi. Breytingin mun m.a. koma í veg fyrir svokallaða krónu á móti krónu lækkun framfærsluuppbótar vegna tekna.

Þá hefur nefndin leitað lausnar á þeim vanda sem felst í víxlverkunum í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða þannig að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna. Það verði gert samhliða upptöku starfsgetumats samkvæmt tillögum nefndarinnar og sameiningu þriggja bótaflokka, þ.e. örorkulífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar, í einn bótaflokk með 45% skerðingarhlutfalli.

Til að innleiða hið nýja fyrirkomulag þarf verulega aukna fjármuni úr ríkissjóði til almannatrygginga. Samþykkt framangreinds frumvarps mun tefja og vinna gegn innleiðingu hins nýja fyrirkomulags sem pólitísk samstaða virðist vera um.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

